

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II. EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjana

95/EES/11/01

Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um frjálst famboð á þjónustustarfsemi yfir landamæri (93/C 334/03)..... 01

2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III. EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/11/02

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 94/957/EB og 94/958/EB um bráðabirgðaráðstafanir sem Finnlandi ber að beita hvað varðar dýraheilbrigðiseftirlit..... 05

95/EES/11/03

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/205/EB um sérstök skilyrði vegna innflutnings á frystum og unnum hörpudiski og öðrum diskum (Pectinidae) sem upprunnir eru í Japan..... 05

95/EES/11/04

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. mars 1995 um breytingu á tilskipunum 94/187/EB, 94/309/EB, 94/344/EB og 94/446/EB um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og vottorð fyrir innflutningi á tilteknum afurðum sem fjallað er um í tilskipun ráðsins 92/118/EBE..... 05

95/EES/11/05

Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C-2/35.363)..... 06

95/EES/11/06	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.578 - Hoogovens/Klöckner & Co.).....	06
95/EES/11/07	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.565 - Solvay/Wienerberger).....	07
95/EES/11/08	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.570 - TBT Communication AB/British Telecommunications/TeleDanmark/Telenor).....	08
95/EES/11/09	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.575 - Volvo/VME).....	08
95/EES/11/10	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.579 - Blockbuster/Burda).....	09
95/EES/11/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.0540 - Cegelec/AEG).....	10
95/EES/11/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.558 - La Rinascente/Cedis Migliarini).....	10
95/EES/11/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.518 - Winterthur/Schweizer Rück).....	10
95/EES/11/14	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21. 2. til 17. 3. 1995.....	11
95/EES/11/15	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	12

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um frjálst framboð á þjónustustarfsemi yfir landamæri(*) 95/EES/11/01

(93/C 334/03)

I. INNGANGUR

Þjónustusviðið er hornsteinn innri markaðarins. Á svæði án innri landamæra verður ekki aðeins að tryggja vöxt á sviði þjónustu til að skapa atvinnu, heldur verður og að veita fyrirtækjum og einstaklingum óhindraðan aðgang að enn meira úrvali þjónustu sem bæði er ódýrari, árangursríkari og betur sniðin að þörfum þeirra.

En árið 1985 varð framkvæmdastjórnin að viðurkenna að „þrátt fyrir ákvæði 59. og 62. gr. sáttmálans hefur þróunin í átt að frelsi til að veita þjónustu yfir innri landamæri orðið miklum mun hægari en það sem áunnist hefur í frelsi í vöruflutningum“ þar eð „fyrirtækjum og einstaklingum hefur ekki enn tekist að nýta sér að fullu þetta frelsi“⁽¹⁾.

Dómstóllinn hefur fyrir skömmu kveðið upp nokkra mikilvæga dóma um túlkun ákvæða EBE-sáttmálans er varða frelsi til að veita þjónustu. Þessi réttarframkvæmd sem dómstóllinn taldi sjálfur að bæri að gera samantekt um og festa í sessi⁽²⁾ er framkvæmdastjórninni gagnleg viðmiðun um hvernig beita skuli reglum sáttmálans til þess að tryggja að innri markaðurinn starfi og þróist eins og til var ætlast.

Tilgangurinn með þessari orðsendingu er að kynna almennum borgurum hvernig dómstóllinn hefur túlkað ákvæði 59. gr.⁽³⁾ Kemur þetta til móts við þá þörf að reglur bandalagsins séu gagnsæjar eins og krafist var á fundi leiðtogaáráðs Evrópubandalagsins í Edinborg, þannig að það auðveldi valddreifingu og rétta beitingu reglna sáttmálans í aðildarríkjunum og yfirvöld bandalagsins þurfi sem sjaldnast að skerast í leikinn. Eins og kemur fram í Hvítbókinni um lokaáðgerðir til að koma á innri markaðinum skal orðsendingin vera til viðmiðunar að því er varðar skyldur opinberra yfirvalda bandalagsins og réttindi ríkisborgara þess⁽⁴⁾.

(*) Þessi túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um frjálst framboð á þjónustustarfsemi yfir landamæri birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 334, 9. 12. 1993, bls 3. Hún birtist hér „í þeim tilgangi að stuðla að gagnsæi og einsleitni innan EES“ eins og undirnefnd II lagði til og samþykkt var af Evrópusambandinu og fastanefnd EFTA-ríkjanna.

(1) Hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um lokaáðgerðir til að koma á innri markaðinum, 14. júní 1985, 95. og 98. liður.

(2) Mál C-288/89 Mediawet [1991] dómasafn EB, bls. I-4007, 10.-15. mgr.

(3) Hún varðar ekki önnur ákvæði um þjónustustarfsemi, hvort heldur um er að ræða ákvæði frumlögjafarinnar (t. d. 75. gr. sem fjallar um flutninga) eða afleiddu lögjafarinnar (t. d. samhæfingartilskipanirnar).

(4) Ákvæði 155. liðar Hvítbókarinnar.

II. GILDISSVIÐ

Í 59. og 60. gr. sáttmálans er sett fram meginreglan um frjálsta⁽⁵⁾ þjónustustarfsemi⁽⁶⁾. Eftir að aðlögunartímabilinu⁽⁷⁾ lauk öðlaðist þessi meginregla fullt gildi án skilyrða.

Dómstóllinn hefur sett fram almenna skilgreiningu á því hvað séu hindranir á frjálstri þjónustustarfsemi sem eru bannaðar samkvæmt 59. gr. og áfram í EBE-sáttmálanum. Þessar greinar fjalla um rétt til að veita þjónustu yfir landamæri tímabundið, andstætt því sem gildir um staðfesturéttinn⁽⁸⁾.

Þegar réttur til að veita þjónustu er „ótímabundinn“ gilda reglur staðfesturéttarins (52. gr.). Þegar draga á markalínuna milli þess hvað telst „tímabundið“ og hvað „ótímabundið“ hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að ekki megi styðjast við reglurnar um frjálsta þjónustustarfsemi í þeim tilgangi að fara í kringum þær reglur sem giltu ef einstaklingur fengi staðfestu í öðru aðildarríki⁽⁹⁾.

Einnig hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að aðildarríki geti ekki sett þau skilyrði fyrir þjónustustarfsemi á yfirráðasvæði þess að öll skilyrði um staðfesturétt séu uppfyllt og þannig gert að engu áhrif þeirra ákvæða sáttmálans sem var einmitt ætlað að tryggja frjálsta þjónustustarfsemi⁽¹⁰⁾.

(5) Lögsaga bandalagsins takmarkast við þjónustu sem í eðli sínu nær yfir landamæri.

(6) Að því er varðar 60. gr. EBE-sáttmálans tekur þetta hugtak til launaðra starfa.

(7) Mál 33/74, Van Binsbergen [1974] dómasafn EB bls. 1299, 24. mgr.

(8) Á sviði flutninga og einkum þegar settar eru sameiginlegar reglur um alþjóðlega flutninga ásamt skilyrðum fyrir því að erlend flutningafyrirtæki megi starfrækja flutninga innanlands fellur beiting meginreglunnar um frjálsta þjónustustarfsemi undir hina sameiginlegu stefnu á sviði flutningamála (sbr. 1. mgr. 61. gr. og 75. gr. EBE-sáttmálans og dóm dómstólsins í máli 13/83 þingið gegn ráðinu [1985] dómasafn EB bls. 1513, 62. og 63. mgr.).

(9) Mál 205/84 framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi [1986] dómasafn EB bls. 3755, 22. mgr.

(10) Mál C-180/89 framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu [1991] dómasafn EB bls. I-709, 15. mgr.; mál C-76/90 Säger [1991] dómasafn EB bls. I-4221, 13. mgr.

Að því er varðar tímabundna þjónustu hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að ekki megi túlka 59. og 60. gr. sáttmálans á þann veg að innlend lög sem gilda um ríkisborgara landsins, og ná allajafna yfir ótímabundna starfsemi sem ríkisborgarar með staðfestu í því ríki stunda, geti að öllu leyti og á sama hátt einnig náð til tímabundinnar starfsemi sem stunduð er af einstaklingum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum ⁽¹⁾.

III. MEGINREGLUR UM BEITINGU

1. Bann við takmörkunum á frjálsri þjónustustarfsemi

Að áliti dómstólsins er hugtakið takmarkanir á frjálsri þjónustustarfsemi víðara en bann við mismunun. Óréttlætanager og óhóflegar takmarkanir eru einnig bannaðar jafnvel þótt þær gildi jafnt um alla þjónustustarfsemi á vegum ríkisborgara viðkomandi ríkis og þeirra sem ekki eiga þar ríkisfang.

Dómstóllinn hefur því komist að þeirri niðurstöðu að samkvæmt 59. gr. „sé þess ekki einungis krafist að þjónustuveitendum sé ekki mismunað á grundvelli ríkisfangs heldur einnig

- að felldar verði úr gildi allar takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu á grundvelli þess að einstaklingurinn sem veitir þjónustuna hafi staðfestu í öðru aðildarríki en því þar sem þjónustan er veitt“ ⁽²⁾, og
- „að felldar verði úr gildi allar takmarkanir, jafnvel þótt þær gildi jafnt um innlenda þjónustuveitendur og þá sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum, sem geta komið í veg fyrir eða á annan hátt truflað starfsemi þjónustuveitanda sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki þar sem hann veitir svipaða þjónustu með fullum rétti“ ⁽³⁾.

Yfirleitt tekur hugtakið „geta komið í veg fyrir eða á annan hátt truflað“ ⁽⁴⁾ til allra ráðstafana sem geta hindrað þjónustuviðskipti milli aðildarríkja, t. d. ráðstafanir sem hafa áhrif á möguleika þjónustuveitanda til að veita þjónustu ⁽⁵⁾, ráðstafanir sem valda auknum kostnaði við þjónustuna ⁽⁶⁾ eða eru óaðgengilegar fyrir þjónustuveitandann ⁽⁷⁾ og einnig þær sem koma í veg fyrir að

hugsanlegir viðskiptamenn geti nýtt sér þá þjónustu sem þeir helst kjósa ⁽⁸⁾. Rétturinn til að veita þjónustu verndar þannig ekki aðeins þá sem þjónustuna veita heldur einnig þá sem verða hennar aðnjótandi ⁽⁹⁾.

2. Leyfilegar undantekningar og undanþágur og takmarkanir á þeim: nauðsyn og meðalhóf

Þetta merkir þó ekki að allar slíkar ráðstafanir séu beinlínis bannaðar samkvæmt 59. gr.

Í ljósi meginreglunnar um nauðsyn og meðalhóf er rétt að kanna hvort í innlendum lögum felist ákvæði um takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu og, ef svo er, hvort þær takmarkanir séu á einhvern hátt réttlætanager vegna almannahagsmuna ⁽¹⁰⁾.

Með réttarframkvæmd ⁽¹¹⁾ sinni hefur dómstóllinn þannig sett nokkrar hagnýtar viðmiðunarreglur um hvernig meginreglunum skuli beitt og grundvallast þær meðal annars á sérstökum aðstæðum þjónustuveitandans (sem veitir þjónustuna frá landinu þar sem hann hefur staðfestu), hvaða tegund þjónustu er um að ræða (hversu einföld hún er) og um vernd þess sem verður aðnjótandi þjónustunnar (hvort hann kunni að tapa eða skaðast á því að ekki sé farið eftir reglum landsins þar sem þjónustan er veitt).

Takmarkanir teljast því aðeins samrýmast 59. gr. að staðfest sé að:

- a) „almannahagsmunir að því er varðar viðkomandi starfsemi réttlæti með öllu takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu“ ⁽¹²⁾

Dómstóllinn gerir skýran greinarmun á ráðstöfunum sem fela í sér mismunun og þeim sem gera það ekki.

„Innlendar reglur sem ekki gilda án mismununar um þjónustustarfsemi, hvaðan sem hún er upprunnin eru því aðeins samrýmanlegar lögum bandalagsins að unnt sé að vísa til sérstakra undanþáguákvæða eins og þeirra sem eru í 56. gr. sáttmálans“ ⁽¹³⁾. Þessar undanþágur tengjast allsherjarreglu, almannaoeryggi eða almannahailbrigði.

⁽¹⁾ Mál C-294/89 framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi [1991] dómasafn EB bls. I-3591, 26. mgr.

⁽²⁾ Mál C-154/89 framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi [1991] dómasafn EB bls. I-659, 12. mgr.; mál C-288/89, áður tilvitnað, 10. mgr.

⁽³⁾ Mál C-76/90, áður tilvitnað, 12. mgr.

⁽⁴⁾ Mál C-33/74, áður tilvitnað, 10. mgr.; mál C-76/90, áður tilvitnað, 12. mgr.

⁽⁵⁾ Mál C-113/89 Rush Portuguesa [1990] dómasafn EB bls. I-1417, 12. mgr.

⁽⁶⁾ Mál 205/84, áður tilvitnað, 28. mgr.

⁽⁷⁾ Dómur frá 28. janúar 1992 í máli C-204/90 Bachmann, enn óbirtur, 31. mgr.; dómur frá 28. janúar 1992 í máli C-300/90 framkvæmdastjórnin gegn Belgíu, enn óbirtur, 22. mgr.

⁽⁸⁾ Dómur frá 26. febrúar 1991 í máli C-180/89 framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu, enn óbirtur, 16. mgr.

⁽⁹⁾ Sameinuð mál 286/82 og 26/83 Luisi og Carbone [1984] dómasafn EB bls. 377, 10. og 16. mgr.

⁽¹⁰⁾ Mál C-288/89, áður tilvitnað, 16. mgr.

⁽¹¹⁾ Mál C-76/90, áður tilvitnað, 14. og 18. mgr.

⁽¹²⁾ Mál C-180/89, áður tilvitnað, 18. mgr.

⁽¹³⁾ Mál C-288/89, áður tilvitnað, 11. mgr.

Hins vegar geta innlendar reglur sem beita má án mismununar verið réttlætunarlegar, en svo orðar dómstóllinn það, með ýmsum öðrum lögboðnum kröfum eða af brynum ástæðum vegna almannahagsmuna⁽¹⁾. Með hliðsjón af því að vissar tegundir atvinnustarfsemi eru mjög sérstaks eðlis er ekki sjálfgefið að ósamrýmanlegt sé ákvæðum sáttmálans að gera sérstakar kröfur sem eiga rætur að rekja til reglna sem gilda um viðkomandi atvinnustarfsemi.⁽²⁾

Hér er fyrst og fremst átt við kröfur sem um getur í 56. gr. en einnig í öðrum ákvæðum sáttmálans; þær tengjast einkum almennu siðferði, vernd launþega og neytenda, eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta og vernd þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi⁽³⁾.

Aðrar lögboðnar kröfur og markmið sem réttmætt er að standa vörð um koma einnig til greina svo sem faglegar reglur sem ætlað er að vernda þá sem verða þjónustunnar aðnjótandi⁽⁴⁾, verndun hugverkaréttinda⁽⁵⁾, verndun launþega⁽⁶⁾, vernd neytenda⁽⁷⁾, að tekið sé tillit til „samræmis“ í skattakerfinu⁽⁸⁾, siðareglur starfs-greina⁽⁹⁾, heiðarleiki og sjálfstæði, starfræksla réttar-kerfisins⁽¹⁰⁾, varðveisla sögulegrar arfleifðar og sem víðust útbreiðsla á sögulegum, listrænum og menningarlegum þjóðararfi⁽¹¹⁾.

Á hinn bóginn geta „efnahagsmarkmið ekki talist hluti af allsherjarreglu í skilningi 56. gr.“⁽¹²⁾. Hið sama gildir um stjórnsýslulegt tillit sem miðar til dæmis að því að auðvelda yfirvöldum ríkisins, þar sem þjónustan er veitt, að vinna sitt verk. Slík atriði „geta ekki réttlætt að aðildarríki víki frá lagaákvæðum bandalagsins. Þessi meginregla vegur jafnvel enn þyngra ef umrædd undanþága nær að koma í veg fyrir að einhver þeirra grundvallarréttinda sem tryggð eru í sáttmálanum nái fram að ganga“⁽¹³⁾.

b) „að almannahagsmunir séu ekki þegar tryggðir með reglum aðildarríkisins þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu“⁽¹⁴⁾

Þó er viðurkennt að aðildarríkin hafi rétt og reyndar beri beinlínis skylda til að tryggja almannahagsmuni á yfirráðsvæði sínu. Þetta merkir þó ekki að „hægt sé að láta öll innlend lög, sem gilda um ríkisborgara þess ríkis og eru yfirleitt látin gilda um ótímabundna starfsemi einstaklinga sem hafa staðfestu þar, gilda að fullu á sama hátt um tímabundna starfsemi einstaklinga sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum“⁽¹⁵⁾.

Leggja ber áherslu á að aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt „megi ekki setja tvívegis samsvarandi lagaskilyrði sem þegar hefur verið fullnægt í ríkinu þar sem fyrirtækið hefur staðfestu“ og að „yfirvaldið sem hefur með höndum eftirlit í ríkinu þar sem þjónustan er veitt verði að taka tillit til eftirlits og sannprófana sem þegar hafa farið fram í staðfesturíkinu“⁽¹⁶⁾.

Af þessu leiðir að takmarkanir á rétti til að veita þjónustu „falla undir 59. gr. ef ekki er réttlætunarlegt að beita innlendra löggjöf gagnvart erlendum þjónustuveitendum af brynni þörf sem varðar almannahagsmuni eða ef kröfum sem eru gerðar í þeirri löggjöf hefur þegar verið fullnægt með reglum sem þeim er gert að hlíta í aðildarríkinu þar sem þeir hafa staðfestu“⁽¹⁷⁾;

og

c) „ekki sé unnt að ná sama árangri með minna takmarkandi reglum“⁽¹⁸⁾

Það vegur upp á móti því hve skilgreiningin á hugtakinu „bryn þörf“ eða „lögboðnar kröfur“ er víð að hún ein sér nægir ekki til að innlendar takmarkanir séu settar á frjálsa þjónustustarfsemi: þær verða að auki að vera „í meðalhófi“ og „réttlætunarlegar“, þ. e. óhjákvæmilegar⁽¹⁹⁾, nauðsynlegar samkvæmt hlutlægu mati⁽²⁰⁾ eða viðeigandi leið til að ná hlutlægum og hóflegum markmiðum⁽²¹⁾.

(1) Mál C-205/84, áður tilvitnað, 29. mgr.; mál C-76/90, áður tilvitnað, 15. mgr.

(2) Dómur frá 20. maí 1992 í máli C-106/91 Ramrath, enn óbirtur, 29. mgr.

(3) Ákvæði 36. gr. EBE-sáttmálans.

(4) Sameinuð mál 110/78 og 111/78 Van Wesemael [1979] dómasafn EB bls. 35, 28. mgr.

(5) Mál 62/79 Coditel [1980] dómasafn EB bls. 881.

(6) Mál 279/80 Webb [1981] dómasafn EB bls. 3305, 19. mgr.; sameinuð mál 62 og 63/81 [1986] dómasafn EB bls. 223, 14. mgr.; mál C-113/89, áður tilvitnað, 18. mgr.

(7) Mál 220/83 framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi [1986] dómasafn EB bls. 3663, 20. mgr.

(8) Dómur frá 28. janúar 1992 í máli C-204/90 Bachmann. (31) Mál 33/74, áður tilvitnað, 12. mgr.

(9) Mál 33/74, áður tilvitnað, 12. mgr.

(10) Mál 33/74, áður tilvitnað, 14. mgr.

(11) Mál C-180/89, áður tilvitnað, 20. mgr.; mál C-154/89, áður tilvitnað, 17. mgr.; mál C-198/89 framkvæmdastjórnin gegn Grikklandi [1991] dómasafn EB bls. I-727, 21. mgr.

(12) Mál 352/85, Bond van Adverteerders [1989] dómasafn EB bls. 2085, 34. mgr.; mál C-288/89, áður tilvitnað, 11. mgr.

(13) Mál C-205/84, áður tilvitnað, 54. mgr.

(14) Mál C-180/89, áður tilvitnað, 18. mgr.

(15) Mál C-294/89, áður tilvitnað, 26. mgr.

(16) Mál C-205/84, áður tilvitnað, 47. mgr.

(17) Mál C-154/89, áður tilvitnað, framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi, 15. mgr.; mál C-180/89, áður tilvitnað, 18. mgr.; mál C-288/89, áður tilvitnað, 13. mgr.

(18) Mál C-180/89, áður tilvitnað, 18. mgr.; mál C-154/89, áður tilvitnað, 15. mgr.; mál C-198/89, áður tilvitnað, 19. mgr.

(19) Mál 252/83 framkvæmdastjórnin gegn Danmörku, [1986] dómasafn EB bls. 3713, 20. mgr.; mál C-205/84, áður tilvitnað, 52. mgr.

(20) Mál 33/74, áður tilvitnað, 14. mgr.; sameinuð mál 110 og 111/78, áður tilvitnað, 29. mgr.; Mál C-205/84, áður tilvitnað, 27. mgr.; mál 252/84, áður tilvitnað, 17. mgr.; mál C-180/89, áður tilvitnað, 17. mgr.

(21) Sameinuð mál 62 og 63/81 Seco gegn Evi [1982], dómasafn EB bls. 223, 14. mgr.

Dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að þegar kröfur ríkisins þar sem þjónustan er veitt eru langt umfram það sem nauðsynlegt telst ⁽¹⁾ til þess að ná réttmætum markmiðum séu takmarkanir óhóflegar. Takmarkanir eru til dæmis óhóflegar ef unnt er að ná sama árangri með reglum sem eru minna takmarkandi eða reglum sem hamlu viðskiptum minna ⁽²⁾.

IV. NIÐURLAG

Beiting þeirra meginreglna sem dómstóllinn hefur sett og eru í samræmi við sjónarmið framkvæmdastjórnarinnar ⁽³⁾ hefur í för með sér að aðildarríki getur að öðru jöfnu ekki bannað á yfirræðasvæði sínu að veitt sé þjónusta, sem lögmætt er að veita

í öðru aðildarríki, jafnvel þótt aðstæðurnar sem þjónustan er veitt við í aðildarríkinu þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu séu aðrar.

Að því marki sem umrædd þjónusta nær að fullu og öllu þeim réttmætu markmiðum sem sett voru fram í innlendum reglum (almannaöryggi, allsherjarregla o. s. frv.) getur aðildarríki ekki réttlætt bann við þjónustustarfsemi á yfirræðasvæði þess með því að halda því fram að hún uppfylli framangreind markmið á annan hátt en krafist er af innlendum þjónustuveitendum eða þjónustuveitendum sem hafa staðfestu í því aðildarríki.

Bann eða takmarkanir á starfsemi þjónustuveitanda sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki skal vera réttlætanlegt og ekki úr hófi fram.

⁽¹⁾ Mál 205/84, áður tilvitnað, 33. mgr.; mál C-76/90, áður tilvitnað, 15. mgr.; mál 96/85 framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi [1986] dómasafn EB bls. 1475, 11. mgr.

⁽²⁾ Mál 33/74, áður tilvitnað, 16. mgr.; mál 252/83, áður tilvitnað, 19. mgr.; mál C-106/91, áður tilvitnað, 31. mgr.

⁽³⁾ Hvítbók um lokaáðgerðir til að koma á innri markaðinum.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um 95/EES/11/02
breytingu á ákvörðun 94/957/EB og 94/958/EB um
bráðabirgðaráðstafanir sem Finnlandi ber að beita hvað varðar
dýraheilbrigðiseftirlit**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 94/957/EB og 94/958/EB um bráðabirgðaráðstafanir sem Finnlandi ber að beita hvað varðar dýraheilbrigðiseftirlit í Stjtið. EB nr. L 66, 24. 3. 1995. Með þessari ákvörðun er tilvísun til borgarinnar Ivalo í héraðinu Kilpisjärvi Näätämö bætt við í viðauka við ákvörðun 94/957/EB og tilvísun til borgarinnar Tornio í sama héraði bætt við í viðauka við ákvörðun 94/958/EB hvað varðar heilbrigðiseftirlit með dýrum á fæti og dýraafurðum sem koma til Finnlands frá þriðju löndum (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um 95/EES/11/03
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/205/EB um
sérstök skilyrði vegna innflutnings á frystum og unnum hörpuðiski og
öðrum diskum (Pectinidae) sem upprunnir eru í Japan**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/205/EB um sérstök skilyrði vegna innflutnings á frystum og unnum hörpuðiski og öðrum diskum (Pectinidae) sem upprunnir eru í Japan í Stjtið. EB nr. L 66, 24. 3. 1995. Í stað viðauka C við ákvörðun 94/205/EB kemur viðauki við þessa ákvörðun með uppfærðri skrá yfir starfsstöðvar sem Japan hefur samþykkt að annist innflutning til bandalagsins á frystum og unnum hörpuðiski og öðrum diskum (Pectinidae) (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. mars 1995 um 95/EES/11/04
breytingu á tilskipunum 94/187/EB, 94/309/EB, 94/344/EB og
94/446/EB um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og vottorð fyrir
innflutningi á tilteknum afurðum sem fjallað er um í
tilskipun ráðsins 92/118/EBE**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. mars 1995 um breytingu á tilskipunum 94/187/EB, 94/309/EB, 94/344/EB og 94/446/EB um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og vottorð fyrir innflutningi á tilteknum afurðum sem fjallað er um í tilskipun ráðsins 92/118/EBE í Stjtið. EB nr. L 69, 29. 3. 1995. Í 2. gr. í ákvörðunum 94/187/EB og 94/309/EB komi dagsetningin 1. júlí 1995 í stað 28. febrúar 1995 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/C-2/35.363)****95/EES/11/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 3. 1995 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, myndað af Amerada Hess Limited (Breska konungsríkinu), BP Exploration Operating Company Limited (Breska konungsríkinu), British Gas plc (Breska konungsríkinu), Conoco (U.K.) Limited (Breska konungsríkinu), Distrigaz S.A. (Belgíu), Elf Aquitaine (Frakklandi), Elf Petroleum UK plc (Breska konungsríkinu), National Power Plc (Breska konungsríkinu), RAO „Gazprom“ (Rússlandi), Ruhrgas Aktiengesellschaft (Þýskalandi), Ruhrgas UK Exploration and Production Limited (Breska konungsríkinu) í þeim tilgangi að smíða, starfrækja og nota samtengdar neðansjávargasleiðslur milli Bacton (Breska konungsríkinu) og Zeebrugge (Belgíu).
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 73, 25. 3. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/C-2/35.363, og er heimilisfangið:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C Office 2/82
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.578 - Hoogovens/Klöckner & Co.)****95/EES/11/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. 3. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾ þar sem hollenska fyrirtækið Hoogovens og þýska fyrirtækið Klöckner & Co. öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu ODS-Hoogovens Handel B.V., nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni á sviði heildsöluviðskipta með stál og annan málm sem ekki inniheldur járn.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Hoogovens: framleiðsla og dreifing á stáli og áli,
 - Klöckner & Co.: dreifing á stáli, kemískum efnum, textílefnum og eldsneyti.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

(¹) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

(²) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 71, 23. 3. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.578 - Hoogovens/Klöckner & Co., og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.565 - Solvay/Wienerberger)

95/EES/11/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 3. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Wienerberger öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, með hlutabréfakaupum sameiginleg yfirráð ásamt Solvay yfir fjórum dótturfyrirtækjum Solvey í Evrópu sem annast viðskipti með plastlagnir og tengihluti til notkunar í byggingariðnaði og landbúnaði.

Dótturfyrirtæki Solvey eru:

- Draka Polva & Co. SNC í Belgíu,
 - Polva Pipelife BV í Hollandi,
 - Tubos Y Repuestos De Plasticos SA á Spáni,
 - Maiaplas SA í Portúgal.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Solvay: kemísk efni, plastefni, heilsuvörur,
 - Wienerberger: vegg-, loft- og þakeiningar, pípulagnir og fráveitutækni, fasteignaviðskipti.
 3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
 4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 73, 25. 3. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.565 - Solvay/Wienerberger, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.570 - TBT Communication AB/British
Telecommunications/TeleDanmark/Telenor)**

95/EES/11/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 3. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin British Telecommunications plc, TeleDanmark A/S og Telenor AS öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni undir heitinu TBT Communication AB, sem mun annast þjónustu á sviði fjarskipta í Svíþjóð, bæði innanlands og við önnur lönd.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - British Telecommunications plc: fjarskiptaþjónusta og -búnaður, einkum í Breska konungsríkinu,
 - TeleDanmark A/S: fjarskiptaþjónusta og -búnaður, einkum í Danmörku,
 - Telenor AS: fjarskiptaþjónusta og -búnaður, einkum í Noregi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 76, 28. 3. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.570 - TBT Communication AB/British Telecommunications/TeleDanmark/Telenor, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.575 - Volvo/VME)**

95/EES/11/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 3. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Volvo AB öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir VME Group N.V. með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Volvo AB: sænskt fyrirtæki sem starfar á sviði bíla- véla- og flugiðnaðar,
 - VME Group N.V.: hollenskt fyrirtæki sem annast framleiðslu og dreifingu á jarðvinnslu- og byggingatækjum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 76, 28. 3. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.575 - Volvo/VME, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.579 - Blockbuster/Burda)**

95/EES/11/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 3. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Blockbuster Video International Corporation, sem tilheyrir Viacom Inc. Corporation og Burda New Media GmbH, sem tilheyrir Burda Holding GmbH & Co. Kommanditgesellschaft, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Blockbuster Video Deutschland GmbH með hlutabréfakaupum í núverandi fyrirtæki.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Blockbuster Video International Co.: framleiðsla á myndböndum til heimilisnota, hljómlistariðnaður (smásala), kvikmyndaiðnaður og framleiðsla á blönduðu afþreyingarefni,
 - Burda New Media GmbH: margmiðlun og viðtengd þjónusta, gagnvirkur hugbúnaður og önnur ný fjölmiðlunarstarfsemi,
 - Blockbuster Video Deutschland GmbH: leiga og sala á myndböndum, leikjum, búnaði, aukahlutum og öðrum varningi í smásölu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 78, 30. 3. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.579 - Blockbuster/Burda, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.0540 - Cegelec/AEG)****95/EES/11/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 2. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.558 - La Rinascente/Cedis Migliarini)****95/EES/11/12**

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. 3. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.518 - Winterthur/Schweizer Rück)****95/EES/11/13**

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. 3. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(1) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21. 2. til 17. 3. 1995

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu-fjöldi
COM(95) 38	CB-CO-95-045-EN-C ⁽¹⁾	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um stöðu skipasmíðaiðnaðarins í Evrópusambandinu - staðan árið 1993	23.2.1995	28.2.1995	31
COM(95) 54	CB-CO-95-065-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar -Fyrsta skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd tilskipunar 91/308/EBE um peningaþvætti sem lögð verður fyrir Evrópuþingið og ráðið	3.3.1995	6.3.1995	36
COM(95) 51	CB-CO-95-061-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um beitingu 4. gr. a og 3. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 eins og henni var breytt með reglugerð um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa (CRS)	7.3.1995	8.3.1995	6
COM(95) 58	CB-CO-95-071-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um skrá bandalagsins yfir harðbýl svæði í skilningi tilskipunar 75/268/EBE (Austurríki)	6.3.1995	8.3.1995	54
COM(95) 60	CB-CO-95-072-EN-C	Mat á sameiginlegri rannsóknastöð og langtímarannsóknaráætlun hennar fyrir árin 1992 til 1994	8.3.1995	9.3.1995	145
COM(95) 74	CB-CO-95-089-EN-C ⁽¹⁾	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um framhald á umræðum leiðtogafundarins í Essen um atvinnumál	8.3.1995	13.3.1995	8
COM(95) 79	CB-CO-95-087-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3381/94 frá 19. desember 1994 um að koma á bandalagskerfi fyrir eftirlit með útflutningi á varningi til tvenns konar nota Tillaga að ákvörðun ráðsins um breytingu á ákvörðun ráðsins 94/942/SSUV (sameiginleg stefna í utanríkis- og varnarmálum) um sameiginlega aðgerð sem ráðið samþykkti á grundvelli greinar J.3 í sáttmálanum um Evrópusambandið um eftirlit með útflutningi á varningi til tvenns konar nota	13.3.1995	14.3.1995	7
COM(95) 32	CB-CO-95-047-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um almennar málsmeðferðarreglur um fjárhagsaðstoð bandalagsins til samevrópskra neta	16.3.1995	16.3.1995	26
COM(95) 81	CB-CO-95-091-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3136/94 um að fastsetja viðmiðunarverð fyrir fiskafurðir sem eru taldar upp í A-, D-, og E-þætti í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3759/92 fyrir fiskveiðiárið 1995	15.3.1995	16.3.1995	8
COM(95) 82	CB-CO-95-092-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 104/76 um sameiginlega markaðsstaðla fyrir rækjur (Crangon crangon), neysluhæfan krabba (Cancer pagurus) og leturhumar (Nephrops norvegicus)	15.3.1995	16.3.1995	7

(1) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**95/EES/11/15**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0040-I	Reglugerð um varnar- og öryggiskerfi varðandi smíði og notkun vinnupalla á hjólum	16.5.1995
95-0041-D	Tæknileg viðbótarsamningsskilyrði fyrir vatnsvirki (ZTV-W)Vörn gegn tæringu í vatnsvirkjum úr stáli (Vinnusvið 218), útgáfa frá 1995	22.5.1995
95-0042-DK	Tækniforskriftir fyrir fjarskiptabúnað til notkunar í lokuðu boðkerfi	15.5.1995
95-0043-DK	Tækniforskriftir fyrir flytjanlegan VHF fjarskiptabúnað til notkunar í fjarskiptaþjónustu á sjó	8.5.1995
95-0044-DK	Tækniforskriftir fyrir fjarskiptasendibúnað með mjög lítinn styrkleika til notkunar á minni tíðni en 30 MHz	8.5.1995
95-0045-DK	Tækniforskriftir fyrir fjarskiptabúnað með lítinn styrkleika til notkunar á ISM tíðnisviðinu milli 6 MHz og 1 000 MHz sem er ætlaður fyrir fjargagnaflutning, og til viðvörunar og fjarstýringar	8.5.1995
95-0046-UK	Reglugerðir frá 1995 um sláturúrgang úr nautgripum (bann) (breyting)	Áríðandi
95-0047-UK	Reglugerðir um rúmmál (kjölfestubúnaður og landbúnaðartæki)	2.5.1995
95-0048-I	Tæknilegir staðlar um flokkun og viðurkenningu á þungri froðu	29.5.1995
95-0049-E	Tækniforskriftir fyrir móðurstöðvar í evrópska hólfskipta stafræna farsímakerfinu, heildarkerfi fyrir fjarstöðva-viðskipti (GSM) til viðbótar þjónustu í sjálfvirka farsímakerfinu	24.5.1995
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.